

Séra Jón Þorvaldsson á Stað.

F. 26. ágúst 1876. — D. 31. desember 1938.

Hann var ekki margmáll á mannfundum, kom sjaldan á prestastefnur og bjó allan sinn prestskap norðanvert við Breiðafjörð, þar sem ein eða tvær dagleiðir eru á milli nágrennapresta. Því voru margir embættisbræður hans honum ókunnugir, en þeir, sem þektu hann vel, og skildu áhugamál hans, leikir sem lærðir, urðu vinir hans æfilangt.

Átta ára gamall misti hann föður sinn, séra Þorvald Stefánsson prófasts í Stafholti. Ekkja séra Þorvaldar, frú Kristín Jónsdóttir prófasts í Steinnesi, fluttist þá með börnum sínum frá Hvammi í Norðurárdal að Munaðarnesi, var síðan 5 eða 6 ár í Fagradal í Saurbæ, en fór til Reykjavíkur, er synir hennar, Jón og Árni, fóru í Latinuskólann árið 1891.

Séra Bjarni Símonarson, síðar prófastur á Brjánslæk, kendi þeim undir 4. bekk, vestur í Fagradal. Hann kvongaðist seinna frú Kristínu móður þeirra. Voru jafnan miklir kærleikar milli Brjánslækjar og Staðar.

Guðfræðispróf tók séra Jón 1897, og fór nokkuru síðar



Séra Jón Þorvaldsson

utan, sérstaklega til hljómlistarnáms. Hitti ég hann í Kaupmannahöfn seinni hluta vetrar 1901. Tók hann feginhendi tilboði um að heimsækja ýmsa merka danska sveitapresta, er veitt höfðu mér frjálsar hendur til að koma með islenzka námsmenn til þeirra.

Það ferðalag mótaði trúarlíf hans æfilangt. Hann teig-aði sem þyrstur maður trúarhlýindin á heimilum góðra presta, — og söng við raust trúarvissusálma danska, er við fórum tveir einir um Bövlingsveit á Jótlandi. Sóknarpresturinn þar, séra Busch, síðar formaður kristni-boðsfélags Dana yfir 20 ár, hafði mikil áhrif á hann og góð.

„Nú hlakka ég litið til að koma til Danmerkur“, sagði séra Jón löngu síðar, er ég sagði honum lát séra Busch.

Sumarið 1901 urðum við samferða á kristilegan stúdentafund í Svíþjóð og nokkuru síðar samskipa til Íslands, — og með ströndum fram, frá Seyðisfirði um Reykjavík, til Norðurlands.

Margar hefi ég minningar góðar um hann frá öllu því ferðalagi, sem ekki er rúm fyrir hér. En geta verð ég þó um eina umsögn um hann, er sýnir, hve ólíkt kunnugir og ókunnugir dæmdu um hann á þeim árum — og líklega oft.

Prófastsfrú í Struer á Jótlandi sagði við mig: „Ég var hálfergileg við yður, kandidat Gíslason, að þér skylduð skilja þenna kandidat Þórvaldsson eftir hjá okkur. Hann sagði varla orð fyrstu dagana, en sat altaf við bókalestur.“

„Eruð þér enn ergilegar við mig, frú Christensen, út af þessu?“ svaraði ég.

„Nei, það er ég ekki“, svaraði frúin, „því þegar hann fór að kynnast betur, varð hann allra skemtilegasti maður, og þegar hann fór, söknuðum við hans öll“.

Þegar heim kom, var séra Jón 2 vetur við barnakenslu ýmist á Brjánslæg eða í Hergilsey. Hann vigðist að Stað á Reykjanesi í júlí 1903, og kvongaðist um haustið, 3. okt., Ólinu, dóttur Snæbjarnar í Hergilsey, ágætri konu, sem

nú lifir mann sinn ásamt þrem börnum þeirra, Snæbirni bústjóra á Stað, Kristjáni og Ragnheiði stúdentum; fóstursonur þeirra, Jón Árni Sigurðsson, er í Menntaskólanum á Akureyri.

Elzta dreng sinn, Snæbjörn, mistu þau nærri tveggja ára gamlan, 1908. — Var það sár ógróið æfilangt.

Séra Jón stundaði prestskap prýðilega, var ræðumaður og raddmaður mikill og fyrri hluta æfinnar duglegur ferðamaður í erfiðu prestakalli. Að visu er Staðarprestakall sjálft torfærulitið, þótt vegleysur séu við Þorskafjörð, en árið 1905 bættist Gufudalsprestakall við, og þar eru allar landferðir erfiðar mjög. Um tíma þjónaði hann og Garpsdalssókn og norður í Steingrímsfirði; var því sízt furða, þótt heilsu hans færi hnignandi síðari árin.

Um bækur hirti hann meira en búskap, en þó blómgaðist búið og miklar jarðabætur undir umsjón frú Ólínu og duglegra bústjóra.

Gestrisni var hin mesta á heimilinu, og sátu þar oft erlendir og íslenzkir gestir marga daga eða vikur í bezta yfirlæti.

Fyrir 33 árum var ég þar nokkura daga með norskum ferðamanni. Man ég að hann dáðist að alúð prestshjónanna og allri snyrtimensku á heimilinu — „í jafn lélegum húsakynnum“ — því að þá var prestsetrið ekki eins vel hýst og síðar varð.

Séra Jón var skáldmæltur vel, og sendi oft vinum sínum, er í raunir rötuðu, ágæt huggunarorð í ljóðum, og bókasafn hans er betra og meira en alment er hjá prestum þessa lands.

Snemma í vetur fór hann sér til hressingar og heilsu-bótar til Englands, og ætlaði að heimsækja ýmsa góða gesti sína frá Stað, en eftir skamma dvöl kom hann aftur veikur ásamt dóttur sinni, sem með honum fór. Og eftir stutta sjúkrahúsvist í Reykjavík andaðist hann á gamla-ársdag.

Skilnaðarkveðju til safnaða sinna hafði hann ritað í

dagbók sína; hann unni þeim og bað fyrir þeim til hinztu stundar. Breiðfirðingar, hingað fluttir, fjölmentu til að kveðja hann hér í Dómkirkjunni, áður en líkið var flutt vestur, og hjá söfnuðum hans varð almenn sorg, þegar fréttin kom um fráfall ástsæls prests, enda verða ástvinir hans þess varir nú á ýmsa lund, fremur en nokkuru sinni fyr, hvað vinsæll séra Jón Þorvaldsson var. — Enginn islenskur prestur skildi mig betur en hann, er ég fór að starfa að trúmálum, og aldrei brugðust dýrmæt huggunarljóð frá honum, er hann frétti að sorg og dauði höfðu heimsótt heimili mitt. Hann gat hlegið dátt í fámennum hóp glaðra vina, en var samt tamara að taka þátt í sorgum vina sinna og biðja fyrir þeim.

Guð blessi ástvinum hans og söfnuðum minningarnar mörgu og góðu.

Sigurbjörn Á. Gíslason.